



# Kynferðisbrot



Lögregludagurinn 26.04.2003

## Kynferðisbrot til rannsóknar Hvað þarf að gera?

### Upphaf

Ef kynferðisbrot eru kærð strax til lögreglu auðveldar það rannsókn málsins og gerir lögreglu kleift m.a. að rannsaka vettvang. Oft berast lögreglu þó kærur vegna kynferðisbrota mörgum árum eftir að brotið var framið.

### Neyðarmóttaka (NM)

- Þolandi leitar á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota (NM)
- Neyðarmóttakan er staðsett á Landspítalanum í Fossvogi (slysadeild).
- Þar fer þolandi í viðtal og læknisskoðun.
- Starfsmenn NM koma þolanda í samband lögmann hyggist hann leggja fram kæru.
- Allir geta leitað til NM hvort sem þeir hyggjast leggja fram kæru hjá lögreglu eða ekki.

### Hvað er kynferðislega misneyting?

- Með kynferðislegri misneytingu er t.d. átt við að einhver notfærir sér geðveiki eða andlega annmarka (t.d. ölvun eða v/lyfja) manns til að hafa við hann samræði.
- Til eru þau nokkur dæmi um að þolanda hafi verið gefið lyf á vitundar hans og síðan verið misnotaður kynferðislega.

### Kært til lögreglu

- Þolandi leggur fram formlega kæru hjá lögreglu.
- Þolanda er tilnefndur réttargæslumaður sem er lögmaður. Hann gætir hagsmuna þolanda, er t.d. viðstaddur allar skýrslutökur og útbýr bótakröfu.

## Kynferðisbrot gegn barni

- Flestar kærur um kynferðisbrot gegn barni berast lögreglu frá Barnavernd Reykjavíkur.
- Einnig kemur það fyrir að forráðamenn eða aðrir leggja fram kærur eða tilkynna um slíkt brot til lögreglu.

### Skýrslutaka af barni

- Í 74. gr. a. laga um meðferð opinberra mála segir að ef rannsókn beinist að þolanda sem ekki hefur náð 18 ára aldri beri lögreglu að leita atbeina dómara til að annast skýrslutöku af barninu. Þetta er gert til þess að reyna að koma í veg fyrir að barnið þurfi að gefa skýrslu oftar en þörf er á.
- Dómari ákveður hvar skýrslutakan fer fram. Fyrir hendi er sérútbúin aðstaða til skýrslutöku af börnum í Héraðsdómi Reykjavíkur og í Barnahúsi.
- Dómari stjórnar skýrslutökunni en getur kvatt sér til aðstoðar sérfróðan spyrjanda, t.d. sérþjálfaðan sálfræðing eða lögreglumann. Barnið er oftast eitt með spyrjanda í herbergi en aðrir, t.d. dómari, verjandi og réttargæslumaður, fylgjast með skýrslutökunni með aðstoð upptökubúnaðar. Skýrslutakan er tekin upp á myndband.

## En hver er refsingin?

- Skv. hegningarlögum þá getur refsing fyrir nauðgun varðað fangelsi allt að 16 árum og ekki skemur en 1 ári.
- Skv. sömu lögum segir að ef um kynferðislega misneytingu er að ræða þá getur refsingin varðað fangelsi allt að 6 árum

## Refsing ef brotið er kynferðislega gegn barni.

- Refsing við að brjóta á kynferðislega gegn barni er fangelsi allt að 12 árum eftir eðli brotanna.
- Sem dæmi: Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 árum sé barnið yngra en 16 ára.
- Önnur kynferðislega áreitni gagnvart barni sínu eða öðrum niðja getur varðað fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 árum ef barnið er yngra en 16 ára.

## Refsing ef brotið er kynferðislega gegn barni – framhald.

- Sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn eða ungmenni, yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða ungmenni, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 6 árum og allt að 10 árum ef barnið er yngra en 16 ára.
- Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem áður greinir getur varðað fangelsi allt að 2 árum og allt að 4 árum ef barnið er yngra en 16 ára.
- Sá sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 14 ára, skal sæta fangelsi allt að 12 árum. Önnur kynferðislega áreitni getur varðað fangelsi allt að 4 árum.
- Ef einhver tælir ungmenni á aldrinum 14 – 16 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sá sæta fangelsi allt að 4 árum.